Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aktieselskabet Qrum & Wulff. Leigjendur, Friðrik Guðmundsson og Jóhann Júlíusson, undirritaðir 20. Og 21. Júlí 1896 og 25. Janúar 1897

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Leigusamningur – Helga Jónsdóttir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurrit

# Leigusamningur

Við undirskrifaðir, ég Friðrik Guðmundsson bóndi á Syðra-Lóni, og samkvæmt fullmakt frá móður minni Helgu Jónsdóttir á Nesi í Norðfirði dagsettri 6. Júl. 1896, og ég Jóhann borgari Jónsson Þórshöfn, gjörum hérmeð vitanlegt, að við í dag höfum leigt herra W. Bache, sem fullmektugum fyrir Aktieselskabet Ørum & Wulff Kaupmannahöfn, verzlunarlóð og fiskverkunarpláz úr Syðra-Lóns landi, sem nú er okkar sameiginleg eign, móti því að Aktieselskabet Ørum & Wulff borgi okkur í árlega leigu Krónur 75.- sjötíu og fimm krónur - ennfremur 20 kr.- tuttugu krónur fyrir hestagöngu, sem lúkist fyrir 31. desember ár hvert til eigandanna, eður þess manns, sem hlutaðeigendur hafa fullmaktað til að veita leigunni móttöku hér í Þórshöfn.

Grunnurinn er útmældur eptir þeim takmörkum sem hér segir:

Að vestan byrjar grunnurinn beint frá sjó 13½ al. austan við fjárhús Jóhanns borgara, beina línu úr suðausturhorni fjárhússins 8 ál. sunnan við íveruhús Jóhanns austur í staur, sem er 13 ál. í austur frá suðausturhorni íveruhússins. Þaðan beina stefnu 31½ al. norður í staur, sem er 11½ al. í austur frá norðausturhorni íveruhússins, en 17 ál. í suðvestur frá suðvesturhorni á pakkhúsi Jóhanns.

Það sem þessi umtöldu merki umgirða alt í sjó fram, er því hinn leigði grunnur Aktieselskabet Ørum & Wulff.

Fiskverkunarplázið er frá miðri leið á milli íveruhússins Jóhanns og fjárhússins alt norður þangað til suðurstafn eldhúss Jóhanns ber við norðurhlið á pakkhúsi Friðriks Guðmundssonar.

Hér auki er Aktieselskabet Ørum & Wulff

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimilt að fá nægilegt pláz fyrir fiskiútþvott, ásamt bryggjum á mölinni sunnan við pakkhús Jóhanns, og hefir ennfremur fullt leyfi til að leggja sporveg frá bryggjum sínum alla leiðina fram með sjánum norður á enda fiskverkunarplázins. Ennfremur semjum við svo, að hvorum um sig skal vera heimilt að nota hins fiskverkunarpláz, þegar hinn ei þarf þess sjálfur með.

Aktieselskabet Ørum & Wulff hefur fullan rétt að byggja verzlunarhús sín á framannefndum grunni, ennfremur nota sér hann á þann haganlegasta hátt sem hægt er, einsog líka til að selja sinn sama rjett þeim sem hún æskja kynni. Leiguskilmálarnir eru óuppsegjanlegir frá leigjanda hálfu, gagnvart þótt jörðin verði seld öðrum, og ennfrem þótt verzlunin hafi eiganda skipti og skal þá hinn nýi verzlunareigandi ei þurfa að semja á ný, en hefir hin sömu réttindi og skyldur, sem nú eru heimiluð Aktieselskabet Ørum & Wulff.

Því skal ennfremur viðbætt, að verzlunin skal hafa frítt uppsátur fyrir báta sína þótt það sé fyrir utan grunn hennar ennfremur mega allir þeir fiskimenn, sem leggja sinn fisk inní verzlunina, lenda þar sem hægast er, án þess að borga þar fyrir.

Af leigusamningi þessum eru tvö samhljóða frumrit, sem bæði eru undirskrifuð af okkur í votta viðurvist og heldur leigjandinn öðru, en leigutakandi hinu.

Vitundarvottar
P. Guðjohnsen
Jón Sigfússon

Staddur á Þórshöfn þ. 20 Júli 1896.
For Aktieselskabet Ørum & Wulff
W. Bache
som Leier

Friðrik Guðmundsson
(leigjandi)
Jóhann Jónsson
leigjandi

Rétt afrit staðfestir
Jóh. Tryggvason

HREPPSTJÓRI
SAUÐANESHREPPS

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurrit

Ég Jóhann Jónsson borgari í Þórshöfn lofa hérmeð og skuldbind mig til að leggja herra W. Bache sem fullmektugum fyrir Aktieselskabet Ørum & Wulff í Kaupmannahöfn, grunn þann er hér að neðan verður tiltekinn strax og þegar grunnur þessi verður mér útmældur til eignar, fyrir árlega leigu 10 Kr. tíu krónur

Hinn umræddi grunnur liggur fyrir norðan grunn þann er Aktieselskabet Ørum & Wulff nú þegar hefur leigt og eru merki þannig: Bein lína úr suðausturhorni fjárhúss leigjanda í norðausturhorn á pakkhúsi Friðriks Guðmundssonar, þó með því viðbætti, að Aktieselskabet Ørum & Wulff fái nægilega lóð fyrir hús að stærð 12 ál. breitt og 20 ál. langt fyrir norðan íveruhús leigjandans með hæfilegri fjarlægð frá íveruhúsinu.

Þessu til staðfestu er nafn mitt undirskrifað í tveggja votta viðurvist.

Þórshöfn 21. dag Júlí 1896.

Jóhann Jónsson

Vitundarvottar
P. Guðjohnsen
Sveinbjörn Arnljótsson

Rétt afrit staðfestir
Jóh. Tryggvason

HREPPSTJÓRI SAUÐANESHREPPS

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurrit

Eptir tilmælum herra Snæbjarnar Arnljótssonar Sauðanesi lofa eg undirskrifaður hérmeð að gjöra fyrir mína hönd og samkvæmt umboði því frá móður minni er nú er í höndum hlutafélagsins Ørum & Wulffs í Kaupmannahöfn, viðaukaleigusamning við leigusamning þann er gjörður var síðastliðið sumar milli okkar Jóhanns borgara Jónssonar í Þórshöfn og téðs félags um tiltekinn blett við umboðsmann félagsins hvenær sem hann æskir þess.

Téður lóðarblettur liggur fyrir norðan íveruhús Jóhanns borgara Jónssonar og eru ummerki hans þessi:

Bein lína frá norðvesturhorni á pakkhúsi Friðriks bónda Guðmundssonar í suðausturhorn á fjárhúsi Jóhanns borgara Jónssonar.

Fyrir þessa tilteknu lóð áskast í árlega leigu Kr 10,00.-

p. t. Sauðanesi þ. 25 Janúar 1897.

Friðrik Guðmundsson

Rétt afrit staðfestir
Joh. Tryggvason.

HREPPSTJÓRI SAUDANESHREPPS

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur